

Mánudaginn 5. apríl 1993.

Nr. 136/1993. **Guðrún Kristjánsdóttir f.h. ófjárráða
barna Ástu Kristjánsdóttur
og Lamberts Samsonar,
þeirra Sóleyjar, Freyju
og Maríu, og
Tristan Guðmundur Ástuson**
gegn
Lamberti Samson.

Kærumál. Seta í óskiptu búi. Búskipti. Framfærsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðilar skutu máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1993, sem barst Hæstarétti 30. sama mánaðar. Þeir gera þær dómkröfur, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og dæmt verði, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur verði tekið til opinberra skipta og leyfi varnaraðila til setu í óskiptu búi verði fellt niður. Þá krefjast þeir málskostnaðar úr hendi varnaraðila í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

I.

Varnaraðili heldur því fram, að sóknaraðilinn Guðrún Kristjánsdóttir sé vanhæf til að hafa uppi kröfu um opinber skipti, þar sem hún hafi verið skipuð lögráðamaður hinna ófjárráða barna án heimildar frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem fer með forsjá barnanna. Samkvæmt 28. gr. lögræðislaga nr. 68/1984 og með hliðsjón af 1. mgr. 13. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. var heimilt að skipa Guðrúnu Kristjánsdóttur sérstakan lögráðamann barnanna. Samkvæmt gögnum málsins var Barnaverndarnefnd Reykjavíkur kunnugt um þessa skipan, og var hún ekki í andstöðu við vilja nefndarinnar.

Eins og lýst er í hinum kærða úrskurði, hafði skilnaðarmál Ástu Kristjánsdóttur og varnaraðila ekki verið til lykta leitt, þegar Ásta andaðist 3. ágúst 1992. Varnaraðili hafði undirritað drög að skilnaðarsamkomulagi, samin af lögmanni hans. Samkvæmt þeim drögum átti Ásta að hafa forsjá barnanna. Ásta undirritaði ekki drögin. Félagsmálayfirvöld í Reykjavík höfðu haft afskipti af heimilinu frá maímánuði 1991, þegar bera tók á erfiðleikum hjá einu barnanna. Varnaraðili fór af heimilinu í júní 1991. Þar sem ekki hafði verið gengið frá skilnaði að borði og sæng eða lögskilnaði, þegar Ásta andaðist, bar forsjá barnanna undir varnaraðila við andlátíð. Sótti hann um leyfi til setu í óskiptu búi 19. ágúst 1992, og var leyfið veitt 21. sama mánaðar. Varnaraðili hafði þá ekki haft samneyti við börn sín, frá því að hann yfirgaf heimilið, og höfðu þau dvalist hjá ættingjum móður sinnar þann tíma, sem hún lá veik. Hinn 30. september 1992 ákvað Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, að börnin skyldu vera áfram, þar sem þau voru, meðan málið væri til meðferðar hjá nefndinni. Á fundi Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 30. desember 1992 var varnaraðili sviptur forsjá barna sinna. Hefur hann kært úrskurðinn til Barnaverndarráðs Íslands, þar sem hann er nú til meðferðar.

Sóknaraðilar byggja kröfur sínar á því, að varnaraðili hafi vanrækt framfærsluskyldu sína gagnvart þeim, sbr. 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. 3. mgr. 38. gr. og 42. gr. laga nr. 20/1991. Gögn, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, sýna, að systkini Ástu heitinnar Kristjánsdóttur hafa lagt mikið af mörkum til framfærslu barnanna, allt frá því að samvistaslit urðu með henni og varnaraðila. Þá hefur verið lagt fram bréf formanns Barnaverndarnefndar Reykjavíkur 17. mars 1993, þar sem segir: „Samkvæmt upplýsingum frá þeim aðilum, sem annast hafa börnin á vegum nefndarinnar, hefur faðir ekki á nokkurn hátt sinnt framfærsluskyldu sinni við börnin.“ Í greinargerð varnaraðila fyrir Hæstarétti kemur fram, að ekki hafi enn reynt á framfærsluskyldu hans, þar sem forsjáraðilinn, barnaverndarnefndin, hafi ekki beint neins konar kröfum til hans um greiðslu á framfærslu barnanna. Nægilega er í ljós leitt, að varnaraðili hefur vanrækt framfærsluskyldu sína gagnvart börnunum, og er skilyrðum 15. gr. erfðalaga

um það efni fullnægt. Eins og atvikum er háttað í máli þessu, er hagsmunum aðila best borgið með því, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur verði tekið til opinberra skipta.

Rétt er, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Fallist er á kröfur sóknaraðila, Guðrúnar Kristjánsdóttur f.h. Sóleyjar, Freyju og Mariu Lambertsdætra, og Tristans Guðmundar Ástusonar, um, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur verði tekið til opinberra skipta og leyfi varnaraðila, Lamberts Samsonar, til setu í óskiptu búi verði felld niður.

Varnaraðili greiði sóknaraðilum 100.000 krónur í málskostnað í héraði og í kærúmálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. mars 1993.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 1. desember 1992, var tekið til úrskurðar 1. mars 1993 að loknum munnlegum málflutningi.

Með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 6. nóvember 1992, krafðist Guðrún Kristjánsdóttir, kt. 200539-3979, Langanesvegi 3, Þórshöfn, f. h. barna Ástu Kristjánsdóttur, kt. 200344-3839, sem andaðist 3. ágúst 1992 og síðast átti heimili að Grjótagötu 5, Reykjavík, að dánarbú Ástu yrði tekið til opinberra skipta og leyfi Lamberts Samsonar, kt. 280853-6909, Tómasarhaga 19, Reykjavík, til setu í óskiptu búi yrði jafnframt felld niður, en Guðrún Kristjánsdóttir hafði með bréfi sýslumannsins í Reykjavík, dags. 5. nóvember 1992, verið skipuð sérstakur lögráðamaður barna Ástu og Lamberts, þeirra Tristans Guðmundar, kt. 151274-4399, Sóleyjar, kt. 090678-4699, Freyju, kt. 041080-4269, og Mariu, kt. 191186-2579, öll með lögheimili að Grjótagötu 5, Reykjavík, til að biðja um fyrir þeirra hönd, að dánarbú móður þeirra yrði tekið til opinberra skipta, og ef sú beiðni næði fram að ganga, að koma fram fyrir þeirra hönd við skiptin.

Þessi krafa um opinber skipti var tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur 1. desember 1992. Kröfunni var mótmælt af hálfu Lamberts Samsonar, og var þá þingfest mál til að skera úr þessum ágreiningi.

Dómkröfur varnaraðila eru eftirfarandi:

1. að hafnað verði kröfu sóknaraðila um opinber skipti á dánarbúi Ástu Kristjánsdóttur,

2. að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ að viðbættum virðisaukaskatti. Jafnframt krefst hann dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Með bréfi 25. febrúar 1993 veitti Tristan Guðmundur Ástuson Hreini Loftssyni hdl., sem farið hefur með málið fyrir Guðrúnu Kristjánsdóttur, fullt og ótakmarkað umboð til að fara með mál þetta fyrir sína hönd. Í bréfinu er ítrekuð krafa hans um opinber skipti á dánarbúi móður hans.

II.

Málsatvik eru þau í stuttu máli, eftir því sem komið hefur fram á skjölum og í málflutningi aðila, að í júní 1991 hafi Lambert Samson farið að heiman vegna ósamkomulags við konu sína, Ástu, og tekið á leigu íbúð að Tómasarhaga 19 hér í borg. Ekkert af börnum þeirra mun hafa fylgt föður sínum. Hófst skilnaðarmál, sem ekki var lokið, þegar Ásta lést 3. ágúst sl. Og 21. s. m. fékk Lambert leyfi til setu í óskiptu búi. Hinn 30. september sl. er ákveðið af Barnaverndarnefnd Reykjavíkur m. a.: „Börnin dveljist áfram, þar sem þau eru nú, meðan málið er til meðferðar.“ Og með aðfararbeiðni í október sl. krafðist Lambert þess að verða settur inn í fasteignina Grjótagötu 5, sem hann kvað tiltekinn ættingja konu sinnar sálugu meina sér að fá umráð yfir.

Hinn 5. nóvember 1992 var tekin fyrir hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík beiðni Guðrúnar Kristjánsdóttur, Jóhönnu Kristjánsdóttur og Péturs Kristjánssonar, systkina Ástu sálugu, þess efnis, að ófjárráða erfingjum í dánarbúi Ástu Kristjánsdóttur yrði skipaður lögráðamaður vegna fyrirhugaðrar beiðni um, að dánarbúi Ástu Kristjánsdóttur yrði tekið til opinberra skipta. Sýslumaður féllst á þessa beiðni með vísan til 28. gr. laga nr. 68/1984 og með hliðsjón af 13. gr., 1. mgr., laga nr. 20/1991 og skipaði Guðrúnu Kristjánsdóttur lögráðamann, eins og áður segir.

Hinn 30. desember sl. ákvað Barnaverndarnefnd Reykjavíkur að svipta Lambert Samson forsjá barna sinna.

III.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram, að varnaraðili hafi vanrækt framfærsluskyldu sína gagnvart börnunum, sem hafi m. a. verið ástæða þess, að hann var sviptur forsjá þeirra. Þá hafi ósamkomulag verið um búskiptin, þegar Ásta féll frá. Þá er staðhæft, að varnaraðili hafi ekki tekið þátt í kostnaði við rekstur heimilisins, eftir að hann fluttist að heiman, og hafi Ásta orðið að sjá ein fyrir því með hjálp ættingja og vina. Enn fremur

er fullyrnt, að börnin vilji ekki vera samvistum við föður sinn eða hlíta hans forsjá.

Sóknaraðili styður beiðni sína við 1. mgr. 15. gr. erfðalaga nr. 8/1962, sbr. og 3. mgr. 38. gr. og 42. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl.

Af hálfu varnaraðila er haldið fram, að samkomulag hafi orðið að lokum með hjónunum um öll ágreiningsefni, „bæði að því er varðaði eignaskipti og önnur skilnaðarkjör, s. s. forræði og meðlög með börnum aðila“, en af ástæðum, sem varnaraðila væri ekki kunnugt um, hafi ekki orðið af því, að Ásta skrifaði undir skjalfest samkomulag. Þessu er andmælt af hálfu sóknaraðila og aftur á móti staðhæft, að ekkert samkomulag hafi verið í sjónmáli, og þess vegna hafi Ásta ekki skrifað undir; hún hafi talið, að Lambert gerði ekki grein fyrir öllum þeim eignum í frumvarpinu, sem þar ættu að vera, þ. e. ætlun hans væri að halda eignum utan skipta, auk þess sem þau ættu óúppgert mál vegna vanrækslu hans að leggja til heimilis og upphalds barna þeirra, eins og honum væri skylt.

Af hálfu varnaraðila er fullyrnt, að sér hafi verið meinuð öll samskipti við börn sín, eftir að hann fluttist að heiman, og kröfu sinni um umgengnisrétt hafi ekki verið sinnt af dómsmálaráðuneyti. Þá hafi af hálfu Ástu aldrei komið fram nein krafa um greiðslu meðlags með börnunum og ekki heldur frá systkinum hennar eftir andlát Ástu. Hann hafnar með öllu að hafa ekki sinnt framfærsluskyldu gagnvart börnum sínum, þvert á móti hafi hann verið tilbúinn til þess, en engum kröfum hafi verið beint til sín um greiðslu framfærslukostnaðar fyrr en með þessari málsókn og með beiðni um meðlagsúrskurð 5. nóvember sl. til sýslumanns, sem raunar hafi ekki enn verið afgreidd á þeim vettvangi. Hann sé hins vegar reiðubúinn að greiða það, sem sér beri.

Af hálfu varnaraðila er því andmælt, að meðferð yfirvalda á málefni um forræði barna sinna varði nokkru um niðurstöðu þessa máls, og jafnframt vefengir hann heimild Guðrúnar Kristjánsdóttur til að koma fram sem sóknaraðili fyrir hönd barna sinna, þar sem ekki verði séð, að hún hafi til þess heimild frá Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, sem fari nú með forræðið.

IV.

Samkvæmt 3. mgr. 38. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o. fl. getur erfingi krafist þess, að dánarbú sé tekið til opinberra skipta, þar sem eftirlifandi maki hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búi, hafi hann til þess heimild eftir ákvæðum erfðalaga. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. erfðalaga, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 48/1989 og kemur hér til álita, getur erfingi krafist skipta sér til handa, ef hann sannar, að maki

vanræki framfærsluskyldu sína gagnvart sér eða rýri efni bús með óhæfilegri fjárstjórn sinni eða veiti tilefni til, að óttast megi slíka rýrnun.

Af hálfu sóknaraðila er á því byggt, að varnaraðili hafi vanrækt framfærsluskyldu sína. Gegn andmælum varnaraðila þykja ekki liggja fyrir í þessu máli haldbærar sannanir fyrir því, að varnaraðili hafi vanrækt þessa skyldu, frá því að hann fékk leyfi til setu í óskiptu búi 21. ágúst sl., en við þau tímamörk verður að miða. Verður því að hafna kröfu sóknaraðila.

Eftir þessum málalokum ber sóknaraðila að greiða varnaraðila 70.000 kr. í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila um, að dánarbú Ástu Kristjánsdóttur, kt. 200344-3839, verði tekið til opinberra skipta og leyfi Lamberts Samsonar, kt. 280853-6909, til setu í óskiptu búi verði jafnframt fellt niður, er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 70.000 krónur í málskostnað.
